

# Vinsamlegast athugið.

Á meðan á mótum helgarinnar (Haustmót/Frostmót) stendur í Skautahöllinni biðjum við ykkur að fylgja meðfylgjandi leiðbeiningum og varúðarráðstöfunum sem ætlaðar eru til að auka öryggi okkar allra.

## Inngangar:

**Aðalinngangur** verður notaður af áhorfendum, dómurum og starfsmönnum mótsins. Þegar komið er inn eru áhorfendur beðnir um að staldra ekki við í andyrinu heldur fara beint upp á áhorfendapallana og ganga vinstra megin upp stigann upp á pallana. Athugið að áhorfendapallarnir eru aðeins fyrir áhorfendur.

**Hliðarinngangur** (litlu hvítu dyrnar) verða notaðar af keppendum, þjálfurum, ljósmyndara, hliðvörðum, liðstjórum og móttöku (öllum sem hafa aðgang að ísnum, búningsklefum og ganginum þar að).

**Móttaka:** verður staðsett niðri á ganginum sem liggur að búningsherbergjum. Keppendur (einir og sér eða í fylgd liðsstjóra) koma inn um hliðarinngang og fara þaðan til móttökunnar og síðan í búningsklefa. Foreldrar og aðrir eru ekki leyfðir í móttökunni eða búningsherbergjum.

**Á áhorfendapöllunum:** vinsamlegast munið eftir 1 meters reglunni og hafið gott bil á milli ykkar. Til að minnka hættuna á smiti enn frekar mælum við með notkun gríma. Pöllunum verður skipt í svæði fyrir hvert félag.

## Stigarnir:

**Vestur stigi (við áhorfendapalla)** verður tvískiptur:

*Vinstri helmingurinn* er ætlaður áhorfendum (sem ganga til vinstri að pöllunum).

*Hægri helmingurinn* er ætlaður keppendum sem nota svæðið til hægri (á svölunum) til upphitunar.

**Eystri stiginn (við skautaleiguna)** verður aðeins notaður af dómurum og öðru starfsfólki mótsins.

**Svalirnar** eru upphitunarsvæði og aðeins ætlaðar keppendum, þjálfurum og liðsstjórum. Áhorfendum er ekki heimilt að vera á svölunum.

## Klósett:

**Áhorfendur** hafa aðgang að klósetti niðri við aðalinnganginn. Mælt er með því að ferðir á milli anddyris og áhorfendasvæðis séu röskar og ekki staldrað við meira en nauðsynlegt er.

**Keppendur, þjálfarar og liðsstjórar** nota klósettin í búningsklefum félaganna.

**Dómarar og starfsfólk** nota klósettin við skautaleiguna.

## Veitingar

Í ljósi aðstæðna verða ekki seldar veitingar á mótinu. Keppendur ættu að koma með eigið nesti en mikilvægt er að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

*Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarílátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarílát eiga að vera merkt.*

**Gjafir handa keppendum:** ákveðið hefur verið að nota ekki blómastelpur á ísnum, til þess að fækka snertingum á hverjum hlut fyrir sig og draga úr fjölda fólks í skautahöllinni. Vinsamlegast hafið í huga að halda gjöfum sem þið kastið á svellið í lágmarki. Það er alltaf hægt að færa keppendum gjafir eftir að þeirra rútínu er lokið og þau komin í áhorfendastúku.

## **Athugið:**

Keppendur mega ekki rápa um skautahöllina. Við undirbúning fyrir keppnina eiga þeir að vera á keppendasvæði (búningsklefar og gangurinn þar) eða á upphitunarsvæði (svölum) undir eftirliti liðstjóra eða þjálfara. Eftir að þeir hafa lokið sínu prógrammi er þeim heimilt að yfirgefa keppendasvæðið í fylgd liðstjóra. Ef þið þurfið að ná af keppendum á meðan þeir eru á keppendasvæði þarf fyrst að hafa samband við liðstjóra.